

stjóri stefnda hafi þegar synjað stefnanda um hækkun kaup-
auka, er námskeiði lauk. Þetta virðist raunar óumdeilt í mál-
inu. Telja verður, að eins og atvikum var háttað, þá hafi falist
fullnægjandi uppsögn í ofangreindri afstöðu og ummælum fram-
kvæmdastjórans, en samkvæmt kjarasamningi málsaðilja, er
þá var í gildi, var uppsagnarfrestur stefnanda 1 mánuður miðað
við mánaðamót. Úrslit málsins verða því þau, að stefnda ber
að greiða stefnanda fyrir tímabilið frá 6. janúar til 1. mars 1976
þá skerðingu, er stefnandi varð fyrir á þáverandi yfirborgun
sinni, er honum bættist réttur til námskeiðsálags 6. jan. 1976,
en óumdeilt er í málinu, að sú fjárhæð er kr. 11.376.

Málskostnaður ákveðst kr. 60.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðja Hafnarfjarðar h/f, greiði stefnanda,
Lúðvík Haukssyni, kr. 11.376 með 13% ársvöxtum frá 16.
september 1976 til 21. nóvember 1977, en 16% ársvöxtum
frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 18% ársvöxtum frá
þeim degi til greiðsludags, og kr. 60.000 í málskostnað, allt
innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að
lögum.

Mánudaginn 24. mars 1980.

Nr. 41/1980. **Katrín Indiana Valentínusdóttir**
gegn
Protabúi Ómars Egilssonar.

Kærumál. Hjón. Búskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-
son, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Með kæru 4. mars 1980, er barst Hæstarétti 14. s. m., hef-
ur sóknaraðili samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga
nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Hafnar-

fjarðar 22. febrúar s. á. Krefst hún þess, að hrundið verði kröfu varnaraðilja um, „að svonefnt félagsbú“ sóknaraðilja og Ómars Egilssonar verði tekið til opinberra skipta. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með dómi Hæstaréttar 21. desember 1979 var dæmt, að fjárskiptasamningur Katrínar Indiönu Valentínusdóttur og Ómars Egilssonar frá 17. maí 1974 væri eigi skuldbindandi fyrir Ómar að því er varðar skipti á búi þeirra. Á varnaraðili lagakröfu á því, að búið sé tekið til opinberra skipta. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til, en ýmis þau álitamál, sem greinir í úrskurðinum, kunna að koma til úrlausnar við skiptameðferðina, og verður ekki tekin afstaða til þeirra í kærumáli þessu.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað á að vera óraskað. Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 50.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð :

Skiptaráðanda ber að taka bú Katrínar Indiönu Valentínusdóttur og Ómars Egilssonar til opinberra skipta.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað á að vera óraskað.

Sóknaraðili, Katrín Indiana Valentínusdóttir, greiði varnaraðilja, þrotabúi Ómars Egilssonar, 50.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 28. febrúar 1980.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 21. þ. m., var þingfest hinn 7. þ. m.

Sóknaraðili er þrotabúi Ómars Egilssonar, Tunguvegi 1, Hafnarfirði, sem úrskurðaður var gjaldþrota hinn 5. maí 1979, (lögm. Jón E. Ragnarsson hrl.), en varnaraðili Katrín Valentínusdóttir, Álfaskeiði 44, Hafnarfirði (lögm. Páll S. Pálsson hrl.).

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að fram fari opinber skipti á félagsbúi málsaðilja, þ. á m. uppskriftargerð. Krefst hann þess aðallega, að upphaf skiptanna miðist við 1. mars 1975, þ. e. taki til þeirra eigna og skulda, er þá voru fyrir hendi, en til vara, að upphafið miðist við 17. maí 1974. Auk þess krefst sóknaraðili málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að kröfum sóknaraðilja um opinber skipti og uppskrift verði hrundið og málinu verði vísað frá skiptaréttinum. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar.

II.

Hinn 17. maí 1974 mættu hjónin Ómar Egilsson og Katrín Valentínusdóttir hjá bæjarfógetanum í Hafnarfirði, óskuðu leyfis til skilnaðar að borði og sæng og lögðu fram skriflegan samning um skilnaðarkjör, þ. á m. um skiptingu eigna, dagsettan sama dag. Samdægurs, hinn 17. maí 1974, gaf bæjarfógetinn í Hafnarfirði út leyfi til skilnaðar að borði og sæng þeim til handa á grundvelli þessa samnings. Hinn 16. september 1975 veitti dómsmálaráðuneytið þeim leyfi til lögskilnaðar. Hinn 9. desember 1975 höfðaði maðurinn mál til þess, eins og segir í kröfugerð hans í því máli, „að fá viðurkennt með dómi, að skilnaðarleyfi til skilnaðar að borði og sæng, sem út var gefið ásamt tilskildu samkomulagi þann 17. maí 1974, sé niður fallið. Ennfremur . . . að leyfisbréf til lögskilnaðar milli aðilanna, sem út var gefið þann 16. september 1975, verði með dómi metið ólöglegt. Til vara er krafist riftunar eða ógildingar á samkomulagi aðilanna um eignaskiptinguna frá 17. maí 1974.“

Með dómi, uppkveðnum hinn 10. febrúar 1977 á bæjarþingi Hafnarfjarðar, var konan sýknuð af kröfum mannsins. Héraðsdóminum var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu, birtri 9. maí 1977. Dómur gekk í Hæstarétti hinn 21. desember 1979, og segir þar m. a. í dómsorði:

„Samningur áfrýjanda, Ómars Egilssonar, og stefndu, Katrínar Indíönu Valentínusdóttur, frá 17. maí 1974 er eigi skuldbindingandi fyrir áfrýjanda að því er varðar skipti á búi þeirra. Að öðru leyti skal stefnda vera sýkn af kröfum áfrýjanda í máli þessu.“

Í forsendum dóms Hæstaréttar segir m. a.:

„Svo sem greint er hér að framan, bjuggu málsaðiljar saman, eftir að leyfi var veitt til skilnaðar að borði og sæng. Verður ekki hjá því komist að telja grundvöll samningsins að því er

fjárskipti varðar brostinn vegna sambúðar málsaðiljanna, sbr. 33. gr. laga nr. 60/1972. Ber því að dæma, að þessi þáttur í samningi málsaðiljanna frá 17. maí 1974 sé eigi skuldbindandi fyrir áfrýjanda.“

Með bréfi, dagsettu 16. janúar 1980, krefst svo lögmaður mannsins þess f. h. þrotabús hans skv. heimild skiptafundar í þrotabúinu, er hann aflaði síðar, að félagsbú málsaðilja verði tekið til opinberra skipta. Sú krafa var tekin fyrir í skiptarétti hinn 7. febrúar 1980. Lagði lögmaður konunnar þá fram skriflega greinargerð, þar sem m. a. segir svo:

„Þó að Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu í dómi 21. des. 1979, að samningur hjónanna frá 17. maí 1974 hafi ekki verið skuldbindandi fyrir Ómar Egilsson, þá gilda þó um fjárskiptin almennar reglur, svo sem fyrning.

Í 8. gr. laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905 segir, að kröfur, sem hjón hafi hvort á annað, fynnist ekki fyrr en 4 ár eru liðin frá því að hjónabandinu var slitið, og má af því ráða, að fjárkrafa stefnanda hafi að fullu og öllu fallið niður vegna fyrningar hinn 16. sept. 1979, en þá voru 4 ár liðin frá því að hjónabandinu var að fullu og öllu slitið með útgáfu lögskilnaðarleyfis dómismálaráðuneytisins hinn 16. sept. 1975.

Hæstiréttur hrinti einmitt kröfu Ómars Egilssonar um, að lögskilnaðarleyfið yrði dæmt ólögmaett.

Þess vegna byggir ég það á dómi Hæstaréttar frá 21. des. 1979 og 8. gr. laga nr. 14/1905, að krafan sé niður fallin fyrir fyrningu. Ennfremur mótmæli ég harðlega, að uppskriftargerð fari fram, því að miða verður við þær upplýsingar einar, sem fyrir liggja eða unnt kann að vera að afla um eignir og skuldir búsins hinn 17. maí 1974, er fjárskilnaður hjónanna komst á.“

III.

Í skilnaðarsamningnum frá 17. maí 1974, sem úr gildi féll, kemur fram framtal eigna og skulda 17. maí 1974 í grófum dráttum, en sá kafli samningsins, sem um það efni fjallar, hljóðar svo:

„Íbúð okkar að Álfaskeiði 44, kjallarahæð, skal verða eign konunnar. En hún tekur að sér greiðslu tveggja lána, er á íbúðinni hvíla, annað við Veðdeild Landsbanka Íslands, að upphæð kr. 200.000.00, en hitt við Lífeyrissjóð Verkamannafélags Hlífar, Hafnarfirði, að upphæð kr. 250.000.00. Þá tekur og konan að sér greiðslu skuldar okkar hjónanna við Egil Egilsson, Suðurgötu 35 B, Hafnarfirði, skv. skattframtali 1974, að upphæð kr.

250.000.00. Hún tekur og að sér greiðslu allra lausra skulda við Egil, sem fyrir hendi kunna að vera vegna íbúðar okkar að Álfa-skeiði. Konan tekur og að sér greiðslu á víxilláni við Samvinnu-bankann, að upphæð krónur 150.000.00. Innbú allt verður eign konunnar.

Lán, er nú hvílir á íbúðinni með III. veðrétti, að upphæð kr. 650.000.00 við Sparisjóð Hafnarfjarðar, sem tekið var vegna kaupa á bifreiðinni G 8750, má hvíla á íbúðinni áfram, en maðurinn skuldbindur sig til greiðslu á láni þessu, og skal umrædd bifreið sett að veði sem baktrygging fyrir skilvísri greiðslu lánsins.

Bifreiðin G 8750 verður eign mannsins. Auk greiðslu kr. 650.000.00, sem að ofan getur, tekur hann að sér greiðslu skuldar við Alþýðubankann, að upphæð krónur 150.000.00, svo og greiðslu allra annarra skulda (nema beinlínis hafi verið um annað rætt), þar með skuldar við Bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði, sem sjónvarpstæki heimilisins stendur til tryggingar fyrir. Hann greiðir og öll opinber gjöld, þar með gjöld þau, sem Skattskrá Hafnarfjarðar kemur til að tilskilja vegna tekna og eigna okkar hjónanna á árinu 1973.“

Fasteign búsins var þinglesin á nafn mannsins skv. afsali, dags. 28. júlí 1971, en var þinglýst á nafn konunnar með skilnaðar-samkomulaginu frá 17. maí 1974. Hún er enn (febr. 1980) þinglesin eign konunnar og nú séreign hennar skv. kaupmála, en konan hefur gengið í hjónaband að nýju.

IV.

Krafa varnaraðilja um, að synjað verði um opinbera skipta-meðferð, er, sem fyrr greinir, einkum byggð á því, að hugsanlegar kröfur sóknaraðilja vegna búskiptanna séu niður fallnar vegna fyrningar. Á þessa málsástæðu verður ekki fallist. Hér er ekki um kröfuréttarsamband í merkingu fyrningarlaga að ræða, heldur tilkall til búshluta. Í því sambandi verður að hafa í huga, að félagsbú hjóna er eignaheild og réttur til búshluta sérstakur skilyrtur eignarréttur. Þar sem búi hjónanna var ekki löglega skipt við skilnaðinn, liggur nú fyrir að framkvæma þau skipti. Málsaðiljar hafa eftir því sem tilefni gafst til og án nokkurs óeðlilegs dráttar rekið deilumál sín um grundvöll búskiptanna fyrir dómstólunum, og gætir því tómlætisverkana ekki svo, að þær komi hér frekar til álit.

Ljóst er, að umrædd skipti geta farið fram með venjulegum

hætti og án nokkurra verulegra afbrigða, þ. e. í samræmi við fyrirmæli VII. kafla laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna og samkvæmt skiptalögum nr. 3/1878, einkum 6. kafla þeirra laga, svo og samkvæmt VI. kafla laga um stofnun og slit hjúskapar, allt eftir því sem við á og á reynir og samkvæmt síðari ákvörðunum skiptaráðanda, þegar þar að kemur.

Það liggur þó nú þegar fyrir, að upphafsviðmiðun þessarar skipta getur eftir atvikum ekki miðast við annað tímamark en útgáfu lögskilnaðarleyfis hinn 16. september 1975, en þá í síðasta lagi áttu hjónin að hafa gert með sér gildan skiptasamning eða hafa vísað búskiptum til skiptaréttar og uppskrift farið fram.

Alltraustan grundvöll fyrir því, hvaða eignir og skuldir eiga að koma til skipta, er að finna í eigna- og skuldaframtalinu í skiptasamningnum frá 17. maí 1974. Verðmætasta eignin, íbúðin, **er enn fyrir hendi, og fyrir liggur, hvert söluverð bifreiðarinnar** var, en hún var seld daginn áður en lögskilnaðarleyfi var gefið út, og verður að ætla, að andvirði hennar hafi runnið til greiðslu skulda, er maðurinn tók á sig 17. maí 1974. Að öðru leyti hvílir sú skylda á málsaðiljum að upplýsa eignahreyfingar frá 17. maí 1974 til 16. september 1975. Undanbrögð í því efni yrðu metin viðkomandi til óhags.

Ljóst er, að uppskrift verður að fara fram, eftir atvikum á skrifstofu skiptaráðanda, þar sem hjónin gefi skýrslur um síðastgreint atriði svo og önnur þau atriði, er uppskrift lýtur að, sbr. 64. gr. laga nr. 3/1878, svo og upplýsingar um, hvaða eignir hafa eyðst og hverjum hefur verið ráðstafað og við hvaða verði, og í framhaldi þar af uppboðssala á þeim eignum búsins, föstum og lausum, sem enn eru fyrir hendi og ekki verða lagðar út samkvæmt virðingu, sem þá yrði einnig að fara fram og miðast við verðlag á virðingardegi, ef ekki næst samkomulag um að ráðstafa eignunum með öðrum hætti.

Jafnframt þessu og til þess að skiptauppgjöri megi verða lokið verða málsaðiljar að gera grein fyrir þeim fjárhæðum, sem þau hafa hvort fyrir sig lagt fram til greiðslu skulda, er fyrir hendi voru hinn 16. september 1975, svo og hvenær þær greiðslur fóru fram, til þess að reikna megi þeim vexti af útlögðu fé í þágu búsins. Loks þurfa að koma fram greinargerðir um þær skuldir frá 16. september 1975, er málsaðiljar hyggjast yfirtaka við skiptalok, fari svo, að eigi verði þær allar greiddar af innkomnu andvirði eigna búsins.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Taka ber félagsbú málsaðilja, þrotabús Ómars Egilssonar og Katrínar Valentínusdóttur, til opinberrar skiptameðferðar.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 24. mars 1980.

Nr. 28/1980. **Ingibjörg Eggertsdóttir**

gegn

Eggert Ó. Sigurðssyni

Sigurði Eggertssyni og

Böðvari Bragasyni, skiptaráðanda í

Rangárvallasýslu.

Kærumál. Skiptamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru 27. febrúar 1980, sem barst Hæstarétti 5. mars s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Rangárvallasýslu, uppkveðinn 19. febrúar 1980. Krefst hún þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir skiptaráðanda að láta fram fara „opinbera uppskriftar- og virðingargerð á dánar- og félagsbúi foreldra kæranda, þ. e. Önnu Sigurðardóttur, sem andaðist 11. maí 1949, og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar, þegar í stað“. Hún krefst einnig kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja Eggerts Ó. Sigurðssonar.

Af hálfu varnaraðilja Eggerts Ó. Sigurðssonar er krafist